

Fréttatilkynning:

Hagar hf. ársuppgjör // mars 2015 – febrúar 2016

Ársreikningur Haga hf. fyrir rekstrarárið 2015/16 var samþykktur af stjórn og forstjóra félagsins á stjórnarfundum þann 12. maí 2016. Reikningurinn er fyrir rekstrarárið 1. mars 2015 til 29. febrúar 2016. Ársreikningurinn hefur að geyma samstæðureikning félagsins og dótturfélaga þess og er hann gerður í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla (IFRS). Endurskoðendur félagsins, KPMG ehf., hafa endurskoðað reikninginn og áritað hann fyrirvaralausri áritun.

Helstu upplýsingar

- Hagnaður rekstrarársins nam 3.596 millj. kr. eða 4,6% af veltu.
- Vörusala rekstrarársins nam 78.366 millj. kr.
- Framlegð rekstrarársins var 24,4%.
- Hagnaður fyrir afskriftir, fjármagnsliði og skatta (EBITDA) nam 5.659 millj. kr.
- Heildareignir samstæðunnar námu 29.705 millj. kr. í lok rekstrarársins.
- Handbært fé félagsins nam 3.810 millj. kr. í lok rekstrarársins.
- Eigið fé félagsins nam 16.368 millj. kr. í lok rekstrarársins.
- Eiginfjárhlutfall var 55,1% í lok rekstrarársins.

Söluaukning félagsins var 1,6% og rekstrarkostnaður hækkaði umfram framlegðaraukningu

Vörusala rekstrarársins nam 78.366 milljónum króna, samanborið við 77.143 milljónir króna árið áður. Söluaukning félagsins milli ára var því 1,6%. Hækkun 12 mánaða meðaltals vísitölu neysliverðs milli rekstrarára var 1,86% en hækkun vísitölnunnar án húsnæðis var 0,35%. Framlegð félagsins var 19.109 milljónir króna, samanborið við 18.504 milljónir króna árið áður eða 24,4% framlegð samanborið við 24,0% á fyrra ári. Framlegð hækkar um 605 milljónir króna milli ára. Hins vegar hækkar rekstrarkostnaður í heild um 639 milljónir króna eða 4,9% milli ára. Rekstrarkostnaður hækkar því um 34 milljónir króna umfram framlegðaraukningu á rekstrarárinu. Laun hækka um 7,2% milli ára og annar rekstrarkostnaður hækkar um 2,5%. Kostnaðarhlutfallið í heild hækkar úr 16,9% í 17,4%.

Afkoma fyrir fjármagnsliði, afskriftir og skatta (EBITDA) nam 5.659 milljónum króna, samanborið við 5.616 milljónir króna árið áður. EBITDA hlutfall var 7,2%, samanborið við 7,3% árið áður.

Á fjórða ársfjórðungi féllu tvö dómsmál sem Hagar voru aðili að. Annars vegar voru Hagar dæmdir í Héraðsdómi Reykjaness til að greiða Norvik hf. skaðabætur vegna tjóns af völdum svonefnds mjólkurverðstríðs á árunum 2005-2006. Færð hefur verið skuldbinding að fjárhæð 413 milljónir króna vegna málsins en Hagar munu áfrýja málinu til Hæstaréttar. Hins vegar féll dómur í Hæstarétti í máli Haga gegn íslenska ríkinu en þar var ríkinu gert að endurgreiða félaginu ólögsmæta gjaldtöku ríkisins af innfluttum landbúnaðarvörum. Upphæðin er ekki tekjufærð í uppgjörinu og verður ekki tekjufærð þar sem dæmdum fjármunum verður skilað aftur til viðskiptavina í formi lægra vöruverðs.

Hagnaður rekstrarársins fyrir skatta nam 4.498 milljónum króna, samanborið við 4.795 milljónir króna árið áður. Hagnaður eftir skatta nam 3.596 milljónum króna á rekstrarárinu, sem jafngildir um 4,6% af veltu, en hagnaður eftir skatta á fyrra ári var 3.838 milljónir.

Heildareignir samstæðunnar í lok rekstrarársins námu 29.705 milljónum króna. Fastafjármunir voru 16.684 milljónir króna og veltufjármunir 13.021 milljónir króna en þar af eru birgðir 4.756 milljón króna.

Eigið fé félagsins var 16.368 milljónir króna í lok rekstrarársins og eiginfjárhlutfall 55,1%. Heildarskuldir samstæðunnar voru 13.337 milljónir króna, þar af voru langtímaskuldir 4.257 milljónir króna. Nettó vaxtaberandi skuldir félagsins í lok rekstrarársins voru 701 milljónir króna en alls voru greiddar afborganir að fjárhæð 752 milljónir króna inn á langtímalán félagsins á rekstrarárinu.

Handbært fé frá rekstri á rekstrarárinu nam 5.754 milljónum króna, samanborið við 4.349 milljónir króna á fyrra ári, en 937 milljónir króna voru greiddar í tekjuskatt á rekstrarárinu. Fjárfestingarhreyfingar rekstrarársins voru 2.548 milljónir króna og voru þar af fjárfestingar í fasteignum 1.371 milljónir króna. Fjármögnunarahreyfingar voru 2.744 milljónir króna en á rekstrarárinu voru greiddar 1.992 milljónir króna í arð til hluthafa. Félagið fjárfesti auk þess í öllu hlutafé í Gargon ehf. en eina eign félagsins er fasteignin Smiðjuvöllum 32 Akranesi, þar sem verslun Bónus er til húsa. Gargon verður sameinað Högum frá og með 1. mars 2016.

Handbært fé í lok rekstrarársins var 3.810 milljónir króna, samanborið við 3.348 milljónir króna árið áður og hækkaði handbært fé því um 462 milljónir króna á rekstrarárinu.

Staðan og framtíðarhorfur

Rekstrarárið sem var að líða stóðst áætlanir félagsins og var mjög sambærilegt uppgjörinu ári áður. Fyrsti ársfjórðungur rekstrarársins einkenndist þó af áhrifum verkfalla og kostnaðarauka vegna kjarasamninga. Annar ársfjórðungur var nokkuð betri og jókst hagnaður milli ára umfram áætlanir félagsins. Þriðji og fjórði ársfjórðungur hafa einkennst af stöðugleika.

Fjárfestingar á rekstrarárinu sem var að líða námu 2.548 milljónum króna en þar af fjárfesti félagið 1.371 milljónum króna í fasteignaverkefnum. Vinnu lauk við byggingu nýs vöruhúss Banana við Korngarða í Reykjavík og flutti fyrirtækið starfsemi sína í febrúar sl. Auk þess fjárfesti félagið í tveimur fasteignum, annars vegar í Skipholti í Reykjavík og við Túngötu í Reykjanesbæ þar sem Bónus hefur opnað verslanir. Þá festi félagið kaup á fasteigninni undir verslun Bónus á Smiðjuvöllum 32 á Akranesi í gegnum Gargon ehf.

Á rekstrarárinu voru opnaðar þrjár nýjar Bónusverslanir. Í ágúst opnaði verslun Bónus í Skipholti og í október opnaði Bónus verslun sína við Túngötu í Reykjanesbæ. Það var svo í byrjun febrúar sem Bónus opnaði í Vestmannaeyjum en þar leigir Bónus húsnæði undir starfsemi sína. Verslanirnar eru allar glæsilegar og hafa fengið frábærar móttökur. Þess má einnig geta að í upphafi árs var Bónus valið vinsælasta fyrirtæki landsins í könnun Frjálsrar verslunar þriðja árið í röð. Var þetta í 14. skipti sem Bónus hlýtur þessa nafnbót.

Framkvæmdir eru hafnar við minnkun verslunar Hagkaups í Smáralind en í desember sl. skrifaði fyrirtækið undir nýjan leigusamning um 5.600 m² til 10 ára. Gert er ráð fyrir að ný og

glæsileg verslun opni í byrjun nóvember nk. Samið hefur verið til skamms tíma fyrir Debenhams og mun núverandi samningur því renna út í maí 2017.

Verslun Karen Millen var lokað í Smáralind í lok febrúar sl. Tekin hefur verið ákvörðun um lokun verslunar Evans í Smáralind í lok júní.

Arðgreiðslustefna félagsins

Á síðasta ári markaði stjórn féluginu arðgreiðslustefnu þar sem stefnt er að því að Hagar greiði hluthöfum sínum árlegan arð, sem nemi að lágmarki 50% hagnaðar næstliðins rekstrarárs. Stjórn félagsins mun leggja til við aðalfund þann 3. júní nk. að greiddur verði arður til hluthafa sem nemur 1,7 krónu á hlut eða tæpar 1.992 milljónir króna. Er þetta óbreytt arðgreiðsla á hlut frá fyrra ári en hlutfall hennar nemur 55,4% hagnaðar. Arðgreiðslan í fyrra nam tæpum 52% hagnaðar.

Stjórn félagsins leggur auk þess til að stefnt verði að kaupum á eigin bréfum, sé svigrúm til þess, skv. formlegri endurkaupaáætlun, í þeim tilgangi að lækka hlutfé félagsins. Verður tillaga þess efnis lögð fram á næsta aðalfundi.

Hagar skila ólögmetum gjöldum ríkissjóðs til viðskiptavina sinna

Þann 21. janúar sl. var kveðinn upp dómur í Hæstarétti í máli Haga gegn íslenska ríkinu. Högum voru dæmdar 245 milljónir króna auk vaxta vegna ólögmetrar gjaldtöku ríkissjóðs af innfluttum landbúnaðarvörum. Eftir dóminn gerði félagið kröfu á íslenska ríkið um greiðslu 338 milljóna króna til viðbótar, auk vaxta. Hluti þeirrar kröfu hefur fengist greiddur, eða 217 milljónir króna, en ágreiningur er um eftirstöðvarnar. Afstaða Haga til þess hvernig fjármuninum skyldi varið hefur ávallt legið fyrir en þeim verður skilað til viðskiptavina félagsins í gegnum lægra vöruverð. Bónus og Hagkaup hafa nú þegar boðið innfluttan heilan kjúkling og kjúklingabringur á lækkuðu verði vegna framangreindrar endurgreiðslu og mun félagið áfram bjóða vörur á lægra verði en ella þar til öllum framangreindum fjármunum hefur verið skilað til viðskiptavina.

Bónus og Hagkaup styrkja góð málefni

Í tilefni af góðu uppgjöri félagsins mun Guðmundur Marteinson, framkvæmdastjóri Bónus, afhenda styrk til Umhyggju, félags til stuðnings langveikra barna að upphæð 2 milljónir króna, til BUGL, barna- og unglingsgeðdeildar Landspítalans að upphæð 2 milljónir króna og til fræðslu- og batasetursins Vin, sem Rauði krossinn rekur að upphæð 1 milljón króna. Gunnar Ingi Sigurðsson, framkvæmdastjóri Hagkaups, mun að sama skapi afhenda styrki til Styrktarfélags lamaðra og fatlaðra vegna Reykjadalssjúklu að upphæð 2 milljónir króna, Sjóðs barna og Styrktarfélags krabbameinssjúkra barna að upphæð 1 milljónir króna. Auk framangreindra málefna styrkja fyrirtæki Haga árlega fjölmörg æskulýðs-, góðgerðar og mannúðarmál.

Kynningarfundur fyrir markaðsaðila og hluthafa

Kynningarfundur fyrir markaðsaðila og hluthafa verður haldinn á Hilton Reykjavík Nordica, föstudaginn 13. maí kl. 8:30, en þar mun Finnur Árnason forstjóri Haga kynna afkomu félagsins og svara spurningum ásamt stjórnendum félagsins.

Kynningarefni, ásamt upptöku af fundinum, verður aðgengilegt að honum loknum á heimasíðu Haga, www.hagar.is.

Fjárhagsdagatal 2016/17

Aðalfundur 3. júní 2016

1. ársfjórðungur (1. mars – 31. maí): 29. júní 2016
2. ársfjórðungur (1. mars – 31. ágúst): 27. október 2016
3. ársfjórðungur (1. mars – 30. nóvember): 12. janúar 2017
4. ársfjórðungur (1. mars – 28. feb): 15. maí 2017

Nánari upplýsingar veitir Finnur Árnason, forstjóri félagsins, í síma 530-5500.

Ársreikningur Haga hf. Q4 // mars 2015 – febrúar 2016
Lykiltölur í millj. kr. – samstæða

Rekstrarreikningur

| | Q4 2015/16 | Q4 2014/15 | 2015/16 | 2014/15 |
|------------------------------|--------------|--------------|---------------|---------------|
| | 01.12-29.02 | 01.12-28.02 | 01.03-29.02 | 01.03-28.02 |
| Vörusala | 21.189 | 20.380 | 78.366 | 77.143 |
| KSV | (16.065) | (15.563) | (59.257) | (58.639) |
| Heildarframlegð | 5.124 | 4.817 | 19.109 | 18.504 |
| Aðrar tekjur | 74 | 47 | 206 | 129 |
| Laun og launatengd gjöld | (2.010) | (1.792) | (7.162) | (6.680) |
| Annar rekstrarkostnaður | (1.670) | (1.642) | (6.494) | (6.337) |
| EBITDA | 1.518 | 1.430 | 5.659 | 5.616 |
| Skaðabætur | (413) | -- | (413) | -- |
| Afskriftir | (191) | (173) | (699) | (674) |
| EBIT | 914 | 1.257 | 4.547 | 4.942 |
| Hrein fjármagnsgjöld | 45 | (22) | (49) | (147) |
| Hagnaður fyrir skatta | 959 | 1.235 | 4.498 | 4.795 |
| Tekjuskattur | (194) | (245) | (902) | (957) |
| Hagnaður tímabilsins | 765 | 990 | 3.596 | 3.838 |

Efnahagsreikningur

| | 29.02.2016 | 28.02.2015 |
|------------------------------------|---------------|---------------|
| Eignir | | |
| Fastafjármunir | 16.684 | 14.520 |
| Veltufjármunir | 13.021 | 13.089 |
| Eignir samtals | 29.705 | 27.609 |
| Eigið fé og skuldir | | |
| Hlutafé | 1.172 | 1.172 |
| Annað eigið fé | 15.196 | 13.592 |
| Eigið fé samtals | 16.368 | 14.764 |
| Langtímaskuldir | 4.257 | 4.791 |
| Vaxtaberandi skammtímaskuldir | 763 | 749 |
| Aðrar skammtímaskuldir | 8.317 | 7.305 |
| Skuldir samtals | 13.337 | 12.845 |
| Eigið fé og skuldir samtals | 29.705 | 27.609 |

Sjóðstreymi

| | Q4 2015/16 | Q4 2014/15 | 2015/16 | 2014/15 |
|--------------------------------------|--------------|--------------|--------------|--------------|
| | 01.12-29.02 | 01.12-28.02 | 01.03-29.02 | 01.03-28.02 |
| Handbært fé frá rekstri | 1.883 | 1.294 | 5.754 | 4.349 |
| Fjárfestingarhreyfingar | (610) | (1.511) | (2.548) | (2.136) |
| Fjármögnunarhreyfingar | (190) | 555 | (2.744) | (3.008) |
| Hækkun (lækkun) á handbæru fé | 1.083 | 338 | 462 | (795) |
| Handbært fé í byrjun árs | 2.727 | 3.010 | 3.348 | 4.143 |
| Handbært fé í lok árs | 3.810 | 3.348 | 3.810 | 3.348 |

Breytingar á eigin fé

| | Hlutafé | Yfirverðs- reikningur | Óráðstafað eigið fé | Samtals |
|----------------------------------|--------------|--------------------------|------------------------|---------------|
| Eigið fé 1. mars 2015 | 1.172 | 1.272 | 12.320 | 14.764 |
| Greiddur arður | | | (1.992) | (1.992) |
| Hagnaður ársins | | | 3.596 | 3.596 |
| Eigið fé 29. febrúar 2016 | 1.172 | 1.272 | 13.924 | 16.368 |